

89 laun eftir svipuðum reglum sem eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra 11. júní sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórn búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra búnaðarbankans, og dýrtiðaruppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórn samábyrgðar Íslands heimilast að greiða frú Elisabetu Gunnarsson, ekkju Jóns Gunnarssonar, 1000 króna lífeyri.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá alþingi 1938 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 1. lið 46. gr. komi nýr liður, er verði 2. liður, svo hljóðandi:

Nú telur stjórn áveitufélags eða landþurrkunar- og áveitufélags nauðsynlegt að taka lán til stofnkostnaðar samáveitu, og er þá hlutaðeigandi sýslunefnd heimilt að ábyrgjast lán þetta, sé það ekki tekið hjá sýslusjóði sjálfum, en hann skal tryggður með veði í jörðum þeim á áveitusvæðinu, er áveitunnar njóta, ásamt mannvirkjum þeim, sem á jörðunum eru í notum ábúðarinnar og eru eign jarðeigenda, þó svo, að laust sé til frjálsra afnota jarðeigenda eða veðsetningar sem svarar $\frac{3}{4}$ hlutum virðingarverðs hvernjar jarðeignar, samkvæmt mati áður en áveitufyrir-

tækið var hafið, sem sýslunefnd tekur gilt, en næst þar á eftir komi veðréttur 90
sýslusjóðs.

11. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

91

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald,
og lögum nr. 25, 9. jan. 1935, um viðauka við þau.

11. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

11. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 skal orða svo:

Stimpilgjaldið greiðist með því að nota stimplaðan pappír eða líma stimpilmerki á skjalið, eða hvorutveggja, eða þá með ástimplunum stimpilmerkjavéla, sem ríkisstjórnin tekur gildar.

2. gr.

Aftan við A. 2. í 5. gr. laga nr. 25 9. jan. 1935 bætist: svo og tékkar ríkisstofnana, enda sé stimplað á þá „Ríkisstofnun — Stimpilfrjáls“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.